



Byggðasafn Vestfjarða
The Westfjords Folk Museum
Turnhúsinu • 400 Ísafjörður • Iceland ☎ -456-3293

Ísafirði, 23. nóvember 1999,

Hr. Þjóðminjavörður
Þór Magnússon
150 Reykjavík

Ársskýrsla 1998

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða var að mestu leiti hefðbundin á árinu 1998, fjölmargar gjafir bárust og gestafjöldi sambærilegur við fyrri ár. Auk starfsemi og sýninga í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði var safnið einnig sýnilegt í Viktoríuhúsi í Vigur og í Ósvör í Bolungarvík. Safnið lánaði muni og setti upp í nýjum torfbæ á Rafnseyri við Arnarfjörð, sem er í eigu Hrafnseyrarnefndar. Með þessu móti hefur verið brugðist við mesta vanda safnsins við að gera safnmunina sýnilega, einnig er hér um að ræða sjálfsagða greiðvikni við hlutaðeigandi og þeir traustsins verðir.

Einnig hefur verið viðleitni til að tengja safnið atvinnulífinu með samvinnu við ferðaþjónustuna og vinnuskóla bæjarins m.a. með saltfiskverkun, einnig hefur safnið verið þátttakandi í “Sumarkvöldunum í Neðsta”, sem er sagnfræðileg menningardagskrá í viku hverri yfir sumarið.

Jón Sigurpálsson